

Umsókn um urðunarstað

Umhverfisstofnun / 24.5.2018 11:06



Upplýsingar

Samanber 13. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs og 10. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun

Skjöl sem fylgja skulu umsókninni

Uppdráttur af urðunarstaðnum.

Upplýsingar um stöðu aðalskipulags á svæðinu og afrit af gildandi deiliskipulagi fyrir urðunarstaðinn, eða afrit af gildandi aðalskipulagi sé deiliskipulag ekki til staðar.

Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum skal fylgja umsókn ef urðunarstaðurinn er háður mati á umhverfisáhrifum. Í umsókn er heimilt að vísa til gagna í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum.

Lýsing á urðunarstaðnum (þ.á.m. lýsing á vatnajarðfræði- og jarðfræðilegum einkennum hans).

Greinargerð þar sem fjallað er um áhrif losunar mengunarefna á umhverfið, þ.á.m. lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg. Fjalla skal um þær aðferðir sem nota á til að fyrirbyggja og draga úr mengun frá staðnum, t.d. aðferðir við hreinsun sigvatns. Í greinargerðinni skal koma fram hver viðtaki fyrir sigvatn er og hvernig ætlunin er að leiða hreinsað sigvatn í hann.

Áætlun um rekstur, vöktun og innra eftirlit.

Fullnægjandi starfsleyfistrygging umsækjanda, sbr. 17. gr. í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs (þarf ekki að leggja fram sé sótt um starfsleyfi til urðunar á óvirkum úrgangi eingöngu).

Áætlun um lokun urðunarstaðarins, aðgerðir í kjölfar lokunar og kostnað sem af þeim hlýst.

Viðbragðsáætlun og ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. og 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Samantekt á almennu máli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Ef sótt er um undanþágur skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs þarf rökstuðningur að fylgja umsókninni

Heimilt er að nýta eða styðjast við gögn sem aflað var fyrir fyrri umsókn um starfsleyfi fyrir sama urðunarstað. Það er umsækjanda að safna þeim gögnum saman og senda með nýrri umsókn um starfsleyfi.

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn	SORPA bs.
Kennitala	5105881189
Netfang	bjorn.halldorsson@sorpa.is
Heimilisfang umsækjanda	Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík

Upplýsingar um urðunarstað

Staðsetning urðunarstaðar	Álfsnes, Kjalarnesi, 116 Reykjavík
Tegundir úrgangs sem taka á við (sbr. flokkun í reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang)	Almennan úrgang
Magn úrgangs sem taka á við á ári (í tonnum):	130.000 tonn
Áætluð heildarmóttökugeta urðunarstaðarins:	260.000 tonn (til loka árs 2020)
Áætlaður rekstrartími urðunarstaðarins	Til loka árs 2020
Starfsleyfi eru jafnan gefin út til 16 ára, ef sótt er um til skemri tíma þarf að tiltaka það hér	Sótt um leyfi til urðunar til loka árs 2020 en önnur starfsemi til 16 ára svipað og er í síðast útgefna starfsleyfinu.
Aðrar upplýsingar sem umsækjandi vill koma á framfæri	Urðunaastaðurinn er í dag rekinn á undanþágu frá ráðherra umhverfis- og auðlindamála.

Fylgigögn

Uppdráttur af urðunarstaðnum

Upplýsingar um stöðu aðalskipulags á svæðinu og afrit af gildandi deiliskipulagi fyrir urðunarstaðinn, eða afrit af gildandi aðalskipulagi sé deiliskipulag ekki til staðar.

Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum skal fylgja umsókn ef urðunarstaðurinn er háður mati á umhverfisáhrifum

Lýsing á urðunarstaðnum (þ.á.m. lýsing á vatnajarðfræði- og jarðfræðilegum einkennum hans)

Greinargerð þar sem fjallað er um áhrif losunar mengunarefna á umhverfið, þ.á.m. lýsing á uppruna, eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar út í andrúmsloft, vatn eða jarðveg. Fjalla skal um þær aðferðir sem nota á til að fyrirbyggja og draga úr mengun frá staðnum, t.d. aðferðir við hreinsun sigvatns.

Áætlun um rekstur, vöktun og innra eftirlit

Fullnægjandi starfsleyfistrygging umsækjanda, sbr. 17. gr. í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs (þarf ekki að leggja fram sé sótt um starfsleyfi til urðunar á óvirkum úrgangi eingöngu)

Áætlun um lokun urðunarstaðarins, aðgerðir í kjölfar lokunar og kostnað sem af þeim hlýst.

Viðbragðsáætlun vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. og 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Ábyrgðartrygging vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. og 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Ef sótt er um undanþágur skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs þarf rökstuðningur að fylgja umsókninni.

Undanþágur á grundvelli 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003

Við gerð áhættumats samkvæmt 2. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs skal notast við eftirfarandi viðmið.

Urðunarstaðir fyrir almennan úrgang og urðunarstaðir fyrir spilliefni

Rekstraraðili skal gera áhættumat á grundvelli leiðbeininga sem gefnar voru út af Umhverfisstofnun Noregs.

Urðunarstaðir fyrir óvirkan úrgang

Rekstraraðili getur í áhættumati sýnt fram á að urðunarstaðurinn uppfylli tiltekin skilyrði og þarf þá ekki að gera áhættumat á grundvelli norsku leiðbeininganna hér að ofan. Skilyrðin eru eftirfarandi:

Á urðunarstaðnum er tekið á móti minna en 20.000 tonnum af óvirkum úrgangi á ári.
Urðunarstaðurinn er ekki staðsettur í nálægð við vatnsverndarsvæði, náttúruverndarsvæði eða annað svæði sem nýtur sérstakrar verndar.

Ef urðunarstaðurinn uppfyllir ekki framangreind skilyrði skal rekstraraðili gera áhættumat á grundvelli norsku leiðbeininganna.

Undanþágur á grundvelli 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003

Rekstraraðili urðunarstaðar sem þjónar eingöngu afskektri byggð skal sýna fram á að viðkomandi byggð uppfylli eftirfarandi skilyrði:

Íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500.
Íbúar á ferkílómetra eru ekki fleiri en fimm.
Fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á hvern ferkílómetra, er ekki undir 50 km eða vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar talsverðan hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.

Sótt er um undanþágur skv. kafla VI í reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs

Samantekt á almennu máli um þau atriði sem fram koma [Starfsleyfi_stutt_greinargerð.pdf](#) í umsókninni.

Hægt er að bæta við fylgiskjölum við umsóknina undir mín mál.
